

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

33. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 23. maí kl. 8:30, var haldinn 33. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Aníta Björk Pálínudóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 33. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Erindi frá Björgunarsveitinni Kofra um stuðning tekið fyrir. Sveitarstjórn leggur til að Björgunarsveitin Kofri verði styrkt sem nemur greiddum hafnargjöldum og landrafmagni við Súðavíkurhöfn auk kr. 400.000.- til rekstrar á björgunarskipinu Svan.
2. Fundargerð 45. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 26. mars 2025
Fundargerðin er samþykkt samhljóða.
3. Fundargerð 46. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 7. maí 2025
Fundargerðin er samþykkt samhljóða.
4. Deiliskipulagsbreyting: hafnar- og iðnaðarsvæði við Langeyri sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s. br. Tillaga – landfylling, viðlegukantur og lóðir, samþykkt til auglýsingar
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og leggur til að hún fari í auglýsingu. Sent til byggingafulltrúa.
5. Sorpmál – moltugerð: Tilboð frá umbúðagerðinni og Purenorth
Sveitarstjórn leggur til að keypt verði moltuvél frá Umbúðagerðinni -skv. tilboði.
6. Strenglagning OV frá Reykjanesi um Svansvík: Tilboð frá Snerpu um að leggja ljósleiðarastreng í lagnaleiðina og samskipti við Mílu.
Súðavíkurhreppur tekur jákvætt í erindið og mun taka þátt miðað við gefnar forsendur um kostnað og kostnaðarskiptingu.
7. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis:
 - a. 298. mál frá nefndasviði Alþingis – frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu) – 156. löggjafarþing 2025
 - b. 351. mál frá nefndasviði Alþingis – frumvarp til laga um veiðigjald (aflaverðmæti í reiknistofni) - 156. löggjafarþing 2025


8. Erindi til kynningar – fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vestfjarðastofu ofl.
- a. 977. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - b. 472. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands
 - c. 17. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 12. maí 2025 kl 13.00.

Framangreint lagt fram til kynningar án athugasemda.

9. Drög að ársreikningi Súðavíkurhrepps 2024 – fyrri umræða
Jónas Ólafur Skúlason vék af fundi kl. 12:00
Fyrri umræðu um ársreikning Súðavíkurhrepps er lokið.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:35


Bragi Þór Thoroddsen

Jónas Ólafur Skúlason


Eiríkur Valgeir Scott


Aníta Björk Pálínudóttir


Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti